
Ályktun um fyrirhugaðar breytingar á eftirliti með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum

70. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti vill ítreka mikilvægi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga en þau sinna mikilvægu hlutverki um allt land. Mikilvægt er að þjónustan verði áfram aðgengileg og að sérfræðistörf haldist í heimabyggð. Fjórðungsþingið vill taka undir bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um að leggja höfuðáherslu á að þétt samstarf verði haft við sveitarfélögin um næstu skref. Óljóst er hvernig verður staðið að þeim verkefnum sem áfram verða á hendi sveitarfélaga við þessa yfirfærslu og leggur Fjórðungsþing Vestfirðinga áherslu á að þessar breytingar verði ekki til þess að auka kostnað sveitarfélaga og atvinnulífs.

Greinargerð

Síðasta vetur var að störfum stýrihópur um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum og birtist skýrsla hans nýlega. Almenn samstaða er um að þörf sé á aukinni samræmingu, m.a. með upptöku samræmds upplýsingakerfis.

Stjórnvöld hafa kynnt fyrirhugaðar breytingar á eftirliti með matvælum, hollustuháttum og mengunarvörnum. Nú stendur til að ábyrgð á eftirliti með hollustuháttum og mengunarvörnum verði færð frá heilbrigðiseftirliti til Umhverfis- og orkustofnunar og ábyrgð á eftirliti með matvælum færist frá heilbrigðiseftirliti til Matvælastofnunar. Þannig verða eftirlitsaðilar tveir í stað ellefu. Áformaðar breytingar eru svar við ábendingum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) sem hefur í formlegu áminningarbréfi bent á að fyrirkomulag matvælaeftirlits á Íslandi standist ekki kröfur EES-samningsins. Helstu áhyggjuefni varða skort á samræmi, skýrri ábyrgð og yfirstjórn eftirlits.